

Matvælastofnun
Austurvegi 64
800 Selfossi

Akureyri, 23. júní 2021
UST202104-312/S.R.B.
08.12.01

Ákvörðun um útgáfu á breyttu starfsleyfi Stolt Sea Farm Iceland hf.

Umhverfisstofnun vísar til umsóknar Stolt Sea Farm Iceland hf. vegna breytingar á starfsleyfi þess í Reykjanesbæ.

Stofnunin hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu á breyttu starfsleyfi fyrir rekstraraðila þar sem tegundinni gullinrafa er bætt í leyfið.

Starfsleyfið byggist á skilyrðum á grundvelli reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeffirlit sem sett er með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. mgr. 6. gr. laganna.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Breytt starfsleyfi öðlast gildi við afhendingu Matvælastofnunar til rekstraraðila.

Hjálagt er starfsleyfið ásamt greinargerð vegna útgáfu þess.

Virðingarfyllst,

Steinar Rafn Beck Baldursson
sérfræðingur

Sverrir A. Jónsson
sviðsstjóri